

Sp.

942. Svar

[261. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar og Margrétar Frímannsdóttur um kaup og leigu á fullvirðisrétti.

Fyrirspurnin er á þskj. 560 og hljóðar svo:

- 1. Hversu mikið hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins annars vegar keypt og hins vegar leigt af búmarki og fullvirðisrétti í mjólk og kindakjöti á einstökum búmarkssvæðum á árunum 1985, 1986 og 1987?*
- 2. Hversu mikið hefur Framleiðnisjóður greitt annars vegar fyrir kaup og hins vegar fyrir leigu á búmarki og fullvirðisrétti á einstökum búmarkssvæðum á árunum 1985, 1986 og 1987?*

3. Hefur verið tekið tillit til byggðasjónarmiða, æskilegra búháttabreytinga, staðbundins markaðar og landgæða við kaup og leigu á fullvirðisrétti á vegum Framleiðnisjóðs?
4. Með hvaða hætti fá einstök búmarkssvæði bætt þann fullvirðis- og framleiðslurétt sem keyptur hefur verið eða leigður af einstökum bændum á svæðinu?
5. Hversu mikið er um það að framleiðendur á einstökum búmarkssvæðum hafi ráðstafað fullvirðisrétti jarðar sinnar og tilsvareandi búmarki til annarra lögbýla?

Svör við 1.–4. spurningu eru byggð á upplýsingum frá Framleiðnisjóði, en svar við 5. spurningu á upplýsingum frá Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Svar við 1. og 2. spurningu.

Árið 1985 hófust kaup búmarks og þá eingöngu í tengslum við búháttabreytingar. Litið var svo á að helmingur heildargreiðslu væri framlag vegna nýrra búgreina en hinn helmingurinn greiðsla fyrir búmarkið.

Alls greitt árið 1985: 23 967 700 kr.

Árið 1986 var búmark keypt og leigt án þess að jafnhliða væri um búháttabreytingu að ræða. Var um mismunandi verð og greiðslukjör að ræða eftir því hvernig nýting búmarksins hafði verið næstliðin fimm ár. Þessum viðskiptum var hætt 21. september 1986.

Alls greitt árið 1986:	Kaup á búmarki	23 955 300 kr.
	Leiga á búmarki	4 522 125 kr.
Alls greitt árið 1987:	Kaup á búmarki	25 125 630 kr.
	Leiga á búmarki	5 472 000 kr.

Nú er lokið greiðslum fyrir keypt búmark en eftir eru þrjár árgreiðslur vegna leigu.

Eigi hafa verið tók á að sundurliða eftir búmarkssvæðum hvernig þessi viðskipti skiptast, enda hefur slíkt takmarkaða þýðingu þar sem skipting framleiðsluréttar byggist að mestu á viðmiðun við framleiðslu.

Á árinu 1986 var keyptur fullvirðisréttur til mjólkurframleiðslu sem nam um 1,5 milljónum lítra. Þessi réttur skiptist síðan milli annarra framleiðenda, 80% innan svæðis og 20% á landsgrundvelli, sbr. meðfylgjandi skrá um skiptingu.

Ráðstöfun þessi var hugsuð til hagræðingar í mjólkurframleiðslunni. Verð var 28 kr. á lítra og greiðist á fjórum árum, verðtryggt miðað við byggingarvísitölu 275 stig.

Árið 1986 var greitt vegna þessa	9 069 070 kr.
Árið 1987 var greitt vegna þessa	12 738 200 kr.

Í búvörusamningi Stéttarsambands bænda og ríkisstjórnarinnar, sem undirritaður var þann 21. september 1986 og gildir fyrir verðlagsárið 1987–1988, er svofellt ákvæði í 12. gr.:

„Framleiðnisjóður taki með ríkissjóði fjárhagslega ábyrgð á samningi þessum með kaupum og leigu framleiðsluréttar eða með verðtryggingu er nemi til samans 800 tonnum kindakjöts og 3 milljónum lítra mjólkur.“

Í samræmi við ákvæði samningsins bauð Framleiðnisjóður bændum að selja eða leigja fullvirðisrétt. Ekki þótti rétt að takmarka hverjir gætu átt viðskipti við sjóðinn því að næði sjóðurinn ekki að gera óvirkan til framleiðslu rétt að því marki sem honum bar, féll á sjóðinn að greiða útflutningsbætur.

Vegna kindakjötsframleiðslu frá sl. hausti hefur sjóðurinn orðið að greiða um 74 milljónir króna og horfur eru á að greiða þurfi um 25 milljónir króna vegna mjólkurfram-

leiðslu þessa verðlagsárs. Báðar þessar greiðslur stafa af því að ekki hefur tekist að uppfylla til fulls ákvæði búvörusamningsins um kaup og leigu á rétti.

Fylgiskjöl II og III veita upplýsingar um skiptingu á viðskiptum sjóðsins vegna fullvirðisréttar.

Svar við 3. spurningu.

Athugun sýnir að stór hluti bænda, sem hafa selt eða leigt framleiðslurétt, bjó við slíkar aðstæður að búskaparlok voru skammt undan, einnig að margir minnkuðu við sig vegna þess að þeir voru, eða ætluðu sér, að hasla sér völl í nýbúgrein.

Hærra verð var og er í boði ef landfríðun, t.d. vegna skógræktar eða annarra landbóta, leiddi af afláti framleiðsluréttarins.

Ekki hefur verið tekið sérstakt tillit til byggðasjónarmiða eða staðbundinna markaða, enda ákvæði um hlutdeild sjóðsins í búvörusamningi með öllu án slíkra fyrirvara.

Svar við 4. spurningu.

Fullvirðisrétti, sem er hlutdeild í búvörusamningi, er skipt milli bænda (framleiðenda) og greiðslan, sem kemur fyrir seldan eða leigðan rétt, tryggir ámóta launatekjur í 3–4 ár og framleiðslan hefði skilað að öllu óbreyttu.

Bændur, sem láta rétt, njóta forgangs við afgreiðslu búháttafamlaga.

Svar við 5. spurningu.

Frá því að fullvirðisréttur tók gildi í mjólkur- og sauðfjárafurðum hafa til skamms tíma (eins árs) verið mjög margar tilfærslur milli einstakra bænda og þá jafnframt innan búmarkssvæða.

Á sama tíma hefur verið nokkuð um varanlegar fullvirðisréttartilfærslur og þá að jafnaði innan svæða.

Á fskj. IV má sjá skiptingu varanlegra tilfærslna milli svæða.

Fylgiskjal I.

Tafla um sölu fullvirðisréttar til mjólkurframleiðslu árið 1986.
Frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Svæði	Seld ærgildi
2	193.9
6	579.6
12	858.5
13	510.6
14	1 904.8
15	1 177.0
16	344.0
19	214.2
20	354.6
24	510.0
25	2 114.6
Alls	8 762.0

Fylgiskjal II.

**Yfirlit um kaup og leigu á fullvirðisrétti til
kindakjötsframleiðslu eftir búmarkssvæðum í ærgildum árið 1986.
Frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins.**

Svæði	Kaup	Leiga	Leiga v/riðu	Alls
1	172.0	143.0		315.0
2				
3	48.2	252.8		301.0
4		910.6		910.6
5	377.5	754.9		1 132.4
6	20.5	86.7		107.2
7		259.2		259.2
8		390.6		390.6
9	32.4	296.8		329.8
10	49.9	339.7	283.8	673.4
11	529.7	421.7		951.4
12	164.0	1 274.8	206.4	1 645.2
13	91.8	473.9	1 218.4	1 784.1
14	161.4	1 592.7	2 188.9	3 943.0
15	340.8	778.2	568.5	1 687.5
16		888.5		888.5
17	269.9	264.8		534.7
18	110.3			110.3
19	157.8	554.7	1 675.0	2 387.5
20				
21	408.1	298.1	214.2	920.2
22	116.3	267.3		383.6
23	68.6	61.6	648.5	778.7
24	371.0	1 015.5	157.5	1 544.0
25	243.2	1 749.3	615.7	2 608.2
Alls	3 733.4	13 785.4	7 776.9	24 585.7

Greiddar voru förgunarbætur fyrir hverja fullvaxna kind sem slátrað var vegna samninga um leigu eða sölu á fullvirðisrétti. Nam sú greiðsla 3000 krónum. Slátrað var 24 206 kindum.

Greiðsla förgunarbóta var 48 412 000 kr. árið 1986 og eftirstöðvar 26 928 150 kr. voru greiddar árið 1987.

Sláturkostnaður var 1300 kr. á kind, þar af greitt 16 563 235 kr. árið 1986 og 14 904 565 kr. árið 1987.

Grunnverð fyrir fullvirðisrétt er 4200 kr. á ærgildi miðað við byggingarvísitölu 281 stig og breytist með henni. Leiga vegna riðu er þó hærri eða 5610 kr. á ærgildi.

Greiðsla fyrir seldan rétt fer fram á fjórum árum, fyrir leigðan á sex árum og fyrir leigu vegna riðu á þremur árum.

Árið 1987 námu þessar greiðslur 26 928 150 kr.

Fylgiskjal III.

**Yfirlit um kaup og leigu á fullvirðisrétti til kindakjöts
og mjólkurframleiðslu eftir búmarkssvæðum árið 1987.
Frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins.**

Svæði	Ósk um kaup eða leigu vegna kindakjöts	Kaup eða leiga vegna mjólkur
1	220.4	181.9
2	136.6	156.1
3	365.7	265.1
4	574.2	647.0
5	1 055.9	696.9
6	248.0	401.0
7	70.0	347.0
8	410.8	115.4
9	54.4	
10	536.5	61.1
11	528.2	
12	563.2	839.4
13	767.7	681.3
14	1 795.2	370.0
15	2 251.2	511.8
16	340.6	1 436.0
17	641.4	
18	497.4	701.3
19	1 580.3	821.9
20	46.8	
21	118.4	
22	979.5	716.4
23	930.8	158.9
24	1 313.7	2 656.0
25	1 937.0	3 050.0
	<hr/>	<hr/>
	Alls 17 963.9	14 814.5

Nær allur fullvirðisréttur til mjólkurframleiðslu er leigður til sex ára og er heildar-greiðsla 5220 kr. á ærgildi miðað við byggingarvísitölu 305 stig. Greiddar voru 9 701 800 kr. árið 1987, en hluti samninganna er með gjalddaga í janúar 1988.

Förgunarbætur verða 3300 kr. á kind og eru áætlaðar 47 777 000 kr. vegna um 14 500 kindu.

Sláturkostnaður er áætlaður 2,5–3,0 millj. kr., en kjötið fór til loðdýrafóðurs og því var sláturkostnaður mun minni en haustið 1986.

Ekki eru tók á að sundurliða samninga um kaup og leigu þar eð enn þá hafa ekki allir samningar komið til baka. Einnig voru mismunandi verð og greiðslukjör, t.d. til aldraðra bænda og til bænda á svokölluðum mjólkurframleiðslusvæðum.

Verð fyrir fullvirðisrétt er 4200–4400 kr. á ærgildi miðað við byggingarvísitölu 305 stig.

Fylgiskjal IV.

**Varanlegar tilfærslur.
Frá Framleiðsluráði landbúnaðarins.**

Svæði	Mjólk		Sauðfé	
	Fjöldi	Magn í lítrum	Fjöldi	Ærgildis-afurðir
Gullbringu- og Kjósarsýsla				
Borgarfjarðarsýsla utan Skarðsheiðar og Akranes	2	22 233		
Borgarfjarðarsýsla innan Skarðsheiðar				
Mýrasýsla	5	135 975		
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Ólafsvík, Stykkishólmur			3	87.5
Dalásýsla	2	13 109		
Vestur-Barðastrandarsýsla				
Vestur-Ísafjarðarsýsla	1	4 635		
Norður-Ísafjarðarsýsla, Ísafjörður, Bolungarvík				
Strandasýsla			2	144.5
Vestur-Húnavatnssýsla			1	28.5
Austur-Húnavatnssýsla			3	256.7
Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrúkur, Siglufjörður	8	292 518	1	43.9
Eyjafjarðarsýsla, Akureyri, Dalvík, Ólafsfjörður, Suður-Pingeyjarsýsla vestan Ljósvatnshrepps	9	283 482	3	241.0
Aðrir hreppar í Suður-Pingeyjarsýslu og Húsavík	1	18 343	3	21.9
Norður-Pingeyjarsýsla				
Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar			1	21.8
Norður-Múlasýsla að öðru leyti (sbr. rg. nr. 291/1987)	1	21 272	1	161.2
Norðfjörður, Neskaupstaður, Mjóifjörður				
Stöðvarfjörður, Breiðdalur, Berunes-, Búlands- og Geithellnahreppar				
Austur-Skaftafellssýsla	2	41 664		
Vestur-Skaftafellssýsla	1	32 688	1	61.9
Rangárvallasýsla	4	130 263	1	25.0
Árnessýsla og Selfoss	8	249 873	1	31.5
	44	1 246 055	21	1 125.4